




ÞEKKINGARSETUR
VESTMANNAEYJA
rannsóknir - menntun - nýsköpun

Forsendur
rekstrar- og starfsáætlunar 2017



Starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja (ÞSV) hefur á undanförunum árum verið að þróast og taka breytingum. Í nóvember 2015 var gerður samningur við Vestmannaeyjabæ um eflingu ferðapjónustunnar í Vestmannaeyjum og í maí 2016 var ráðinn verkefnastjóri ferðamál til Þekkingarseturs Vestmannaeyja í hálfstöðugildi. Í mars 2016 var undirritaður samningur við SASS (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga) um að Þekkingarsetrið taki að sér atvinnuráðgjöf og ráðgjöf á sviði menningarmála í tengslum við Sóknaráætlun Suðurlands. Í nóvember 2016 gerði Þekkingarsetrið þjónustu – og samstarfssamning við stjórn Náttúrustofu Suðurlands og Vestmannaeyjabæ en megin markmið samningsins er að auka samstarfið milli Náttúrustofunnar og ÞSV og um leið fjölga verkefnum, en NS og ÞSV starfa undir sama þaki.

Skipurit Þekkingarseturs Vestmannaeyja hefur í kjölfar þessara breytinga undanfarin ár tekið umtalsverðum breytingum. Starfsemin skiptist í dag niður á þrjú svið, safnasvið, kjarnasvið og stoðsvið (Mynd 1). Samningur ÞSV og Vestmannaeyjabæjar hefur ekki áhrif á rekstur ÞSV nema í formi aukinnar þjónustu. Fjárhags- og starfsáætlun Náttúrustofu er því ekki inni í áætlunum ÞSV.



Mynd 1. Skipurit Þekkingarseturs Vestmannaeyja og áætluð stöðugildi.

Rekstrar og starfsáætlun 2017

Árið 2017 mun að einhverju leyti einkennast af framkvæmdum og væntanlegum flutningi á starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja og tengdum stofnunum í nýtt húsnæði að Ægisgötu 2 Vestmannaeyjum. Félag 100% í eigu ÞSV, S-30 fasteignafélag ehf. tekur 2. hæð hússins á langtímaleigu hjá eiganda 1.-3. hæðar hússins, sem er Vestmannaeyjabær og framleigir til ÞSV. Undirbúningur hefur staðið í nokkur ár og er því ánægjulegt að framkvæmdir eru hafnar við innréttingar á 1000 fermetra húsnæði 2. hæð hússins og áætlaður flutningur fyrir árslok 2017. Reiknað er með að Þekkingarsetrið muni leggja til um 10 milljónir í framkvæmdina sem eignfærast á árinu. Þekkingarsetrið leggur jafnframt til starfsmenn til að sinna eftirliti og annast ýmis aukaverk í tengslum við verkið. Við flutningana mun ýmislegt breytast varðandi rekstur og fyrirkomulag starfseminnar en áætlunin hér gerir þó ráð fyrir óbreyttum rekstri út árið 2017. Þegar nær dregur flutningi og tímasetningar eru staðfestar mun viðauki við áætlunina verða lagður fyrir stjórn ÞSV ef framkvæmdirnar valda breytingum í rekstraráætlun ársins.

Fyrirkomulag leigu 2015-2017 að Strandvegi 50 er þannig að Viska greiddi fyrirfram grunnleigu fyrir aðstöðu á jarðhæð til eigenda hússins sem er 65% Vm.bær og 35% Viska, í gegnum húsfélag þeirra. ÞSV leigir hinsvegar 2. og 3. hæðina ásamt geymslu á jarðhæð og greiðir fyrir það í grunnleigu til húsfélagsins kr. 588.594 á mánuði fyrir árið 2017. Þekkingarsetrið leigir síðan húsnæðið út til stofnanna og fyrirtækja að viðbættum ljósi, hita, húsvörslu og skrifstofuþjónustu.

Kjarnasvið

Sviðið fer með stjórnun, mannhald, umsjón, bókhald og rekstur húsnæðis að Strandvegi 50 ásamt því að þjónustuskrifstofa og stuðningur við aðrar stofnanir er rekin innann kjarnasviðs.

Heildar tekjur sviðsins eru áætlaðar 48,4 milljónir og eru tekjustofnarnir annarsvegar samningur við Menntamálaráðuneytið og ýmsar þjónustu- og umsýslutekjur. Samningurinn við Menntamálaráðuneytið var endurnýjaður síðast 2. júlí 2014 og tekur mið af fjárlögum hvers árs. Framlag vegna samningsins hækkar um 3,3% milli árána 2016 og 2017 og verður kr. 28 milljónir. Áætlað er að seldar vörur og þjónusta skili um 18,9 milljónum í tekjum en gert er ráð fyrir hækkun á þjónustu- (7%), rekstrar- (6%) og leigugjöldum (3%) til leigjenda að Strandvegi 50 (sjá þjónustuskrifstofa). Áætlað er að önnur verkefni og þjónusta skili 1,5 milljón í tekjur.

Ekki er gert ráð fyrir vaxtatekjum í þessari áætlun en ætla má að þær verði um 2,5 milljónir í heildina og skráist sem tekjur Kjarnasviðs. Heildartekjur Kjarnasviðs, án vaxtatekna, eru því samtals áætlaðar 48,4 milljónir árið 2017 (Tafla 1).

Heildar rekstrarkostnaður sviðsins er áætlaður 48,3 milljónir og skiptist í grófum dráttum í launa-, rekstrar- og húsnæðiskostnað. Á bak við launakostnað er starf framkvæmdastjóra, þjónustufulltrúa og tækni og verkstjóra alls áætlað um 19,1 milljón. Áætlað er að þessar þrjár stöður dekki tvö stöðugildi innan Kjarnasviðs og að eitt stöðugildi deilist niður á Safnasvið og Stoðsvið. Rekstrarkostnaður Kjarnasviðs samanstendur af leigu, hita, rafmagni, þrífum og almennum skrifstofukostnaði eða alls 29,2 milljónir. Gert er því ráð fyrir að sviðið skili kr. 100 þúsund tekjuafgangi á árinu.

Tafla 1. Tekju og kostnaðaráætlun Kjarnasviðs.

Kjarnasvið	
<i>Tekjur</i>	
Samningur við Ríkið	28.000.000
Þjónusta kjarnasvið	18.900.000
Önnur þjónusta og verkefni	1.500.000
Samtals	48.400.000
<i>Kostnaður</i>	
Launakostnaður Kjarnasvið	19.100.000
Rekstrarkostnaður Kjarnasvið	29.200.000
Samtals	48.300.000

Þjónustuskrifstofan innan kjarnasviðs

Tekjur af þjónustuskrifstofu skiptist í rekstur húsnæðis, grunnleigu og rekstur þjónustuskrifstofu og eru áætlaðar samtals 16 milljónir (Tafla 2). Rukkað er fyrir þessa þætti mánaðarlega og tekur gjaldið mið af vísitölum launa-, byggingar- og neysluverðs. Töluverðar breytingar urðu á síðasta ári á samsetningu leigunnar þegar Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð flutti niður á jarðhæð Strandvegar 50 og með þjónustusamningum ÞSV við SASS og Vestmannaeyjabæ sem hefur gert það að verkum að hlutur ÞSV í leigu og aðstöðugjöldum verður meiri.

- Grunnleiga tekur mið af byggingarvísitölu og hækkar um 3 % en gert er ráð fyrir sömu hækkun á grunnleigu á fermetra að Strandvegi 50. Grunnleiga á fermetra fer úr kr. 1.601 í kr. 1.649. Leiga á jarðhæð Strandvegar 50 kemur ekki hér inn þar sem að Viska hefur greitt leigu fyrirfram til að kosta hluta af breytingum á hæðinni árið 2015.
- Rekstur samanstendur af hita, rafmagni, sorpi og ræstingu og tekur m.a. mið af vísitölu neysluverðs. Þessir þættir hækka um 6% milli ára.
- Þjónustan byggir á launavísitölu og hækkar um 7% í áætlun fyrir árið 2017.

Útlagður kostnaður vegna þjónustuskrifstofu er áætlaður kr. 20 milljónir (Tafla 2). Þetta þýðir að þáttur þekkingarsetursins í þjónustuskrifstofunni mun hækka töluvert eða fara úr kr. 3,3 milljónir á árinu 2016 í 4,9 milljónir 2017 (laun, rekstur og leiga) eða kr. 408 þúsund á mánuði.

Tafla 2. Áætlun varðandi rekstur þjónustuskrifstofu 2017

<i>Tekjur af þjónustuskrifstofu</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Tekjur</i>
Leigutekjur		4.900.000
Þjónustutekjur		6.800.000
Rukkaður rekstur		3.400.000
Kostnaður af þjónustuskrifstofu		
Leiga greidd til Fasteignafélags	7.100.000	
Launakostnaður vegna þjónustuskrifstofu	8.600.000	
Rekstur (hiti, rafmagn, vatn, þríf)	4.300.000	
Samtals	20.000.000	15.100.000
Þátttaka þekkingarseturs Vestmannaeyja í þjónustuskrifstofu		4.900.000

Safnasvið

Innan Safnasvið eru rekin tvö söfn, Sagnheimar og Sæheimar. Tveir safnstjórar starfa á sviðinu. Safnstjóri við Sagnheima er í 100% starfshlutfalli en safnstjóri Sæheima er í 75%. Áætlaður launakostnaður vegna viðhalds, bókhalds og stjórnunar flyst frá Kjarnasviði yfir á Safnasvið eða um 4 milljónir. Aðrir starfsmenn eru lausráðnir og koma þeir einkum inn á sumrin eða þegar ferðamannatímabilið hefst. Boðið verður upp á safnapassa þar sem hægt verður að kaupa miða á öll söfnin, Eldheima, Sagnheima og Sæheima, með góðum afslætti. Sumaropnun hefst fyrsta 1. maí og vetraráætlun 1. október þannig að sumaráætlun lengist um mánuð. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstraráætlun vegna þessa þar sem að óvíst er með siglingar í Landeyjahöfn á þessum tíma og reksturinn mjög svo tengdur því.

Verðskrá safnanna verður óbreytt frá 2016. Aðgöngumiði Sæheima verður kr. 1200 og rukkað inn fyrir börn kr. 500. Aðgöngumið Sagnheima verður kr. 1000 og áfram verður frítt fyrir börn. Safnapassinn er seldur á kr. 3200 og er hlutur Sæheima kr. 850, Sagnheima kr. 750 og Eldheima kr. 1600. Fjölskyldupassinn er seldur á kr. 8700 og er hlutur Sæheima kr. 2400, Sagnheima kr. 1400 og Eldheima kr. 4900.

Heildar tekjur sviðsins eru áætlaðar 39 milljónir (Tafla 3). Tekjustofnanir eru samningur við Vestmannaeyjabæ upp á 19 milljónir, sala á aðgangsmiðum og minjagripum 16 milljónir og loks verkefnatengdar tekjur sem eru áætlaðar 1,5 milljón. Safnasjóður leggur til 2 milljónir í rekstrarstyrk sem er í raun inni í samning við Vestmannaeyjabæ.

Heildar rekstrarkostnaður sviðsins er áætlaður 37,4 milljónir. Laun og launatengd gjöld eru langstærsti liðurinn eða 28 milljónir, annar kostnaður er 9,2 milljónir. Gert er ráð fyrir að sviðið skili kr. 1,6 milljón í tekjuafgang.

Tafla 3. Rekstraráætlun Safnasvið 2017.

Heiti	Debet	Kredit
REKSTRARTEKJUR OG FRAMLÖG:		
Framlag Vestmannaeyjabæ		19,070,000
Verkefnastyrkir		2,000,000
Rekstrarstyrkur		2,000,000
Seldar vörur og þjónusta		2,900,000
Aðgangseyrir		13,000,000
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	28,000,000	
Stjórnun og umsýsla verkefna	3,200,000	
Annar rekstrarkostnaður	4,000,000	
Vörunotkun	2,200,000	
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi	37,400,000	38,970,000
		1,570,000

Stoðsvið

Stoðsvið hefur það hlutverk að vera stuðningur við atvinnulífið í formi ráðgjafar, rannsókna og fræðslu. Undir sviðið fellur samningur við Vestmannaeyjabæ fyrir árin 2015 og 2016, unnið er að endurnýjun samningsins á árinu 2017. Undir stoðsvið fellur jafnframt samningur við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (SASS) en gert er ráð fyrir að samningurinn skili tekjum upp á 10,4 milljónir. Heildar tekjur Stoðsviðs eru áætlaðar 14,9 milljónir fyrir árið 2016.

Rekstrarkostnaður sviðsins fyrir árið 2017 samanstendur af launakostnaði og verkefnum sem tengjast samningum við SASS og Vestmannaeyjabæ. Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði 11,5 milljónir sem dekkja eitt og hálft stöðugildi, rekstrarkostnaður 200 þúsund og ferðakostnaður 300 þúsund. Kostnaður sem fellur á sviðið vegna aðstöðugjalda er ekki reiknaður inn í áætlunina. Heildar kostnaður sviðsins er áætlaður 11 milljónir. Gert er ráð fyrir að sviðið skili kr. 1,2 milljón í tekju afgang.

Tafla 4. Rekstraráætlun Stoðsviðs 2017.

Stoðsvið	
Tekjur	
<i>Ferðamál, Vestmannaeyjabær</i>	<i>4.500.000</i>
<i>SASS, samningur um atvinnuráðgjöf</i>	<i>10.000.000</i>
Samtals	14.500.000
Kostnaður	
<i>Launakostnaður Stoðsvið</i>	<i>11.500.000</i>
<i>Upplýsingamiðstöð ferðamála</i>	<i>1.300.000</i>
<i>Rekstarkostnaður Stoðsvið</i>	<i>200.0000</i>
<i>Ferðakostnaður</i>	<i>300.000</i>
Samtals	13.300.000

Rekstrarheild

Heildar tekjur árið 2017 eru áætlaðar kr. 102 milljónir. Rekstrarkostnaður heldar er áætlaður kr. 99 milljónir. Gert er ráð fyrir að rekstur Þekkingarseturs Vestmannaeyja árið 2017 skili tekjuafgangi upp á 3 milljónir.

Tafla 5. Rekstraráætlun heildar fyrir árið 2017.

Rekstraráætlun 2017

Tekjur

Samningur við Ríkið	28.000.000
Sagnheimar, Sæheimar	19.070.000
Ferðamál, Vestmannaeyjabær	4.500.000
SASS, samningur um atvinnuráðgjöf	10.000.000
Verkefnastyrkir/rekstrarstyrkir öll svið	5.500.000
Seld þjónusta/aðgöngum safnasvið	15.900.000
Þjónusta kjarnasvið	18.900.000
Alls áætlaðar tekjur	101.870.000

Kostnaður

Launakostnaður Kjarnasvið	19.100.000
Launakostnaður Safnasvið	28.000.000
Launakostnaður Stoðsvið	11.500.000
Launakostnaður alls	58.600.000
Leiga til SHIVE	7.100.000
Rekstrarkostnaður Kjarnasvið	22.100.000
Rekstrarkostnaður Safnasvið	9.400.000
Rekstrarkostnaður Stoðsvið	1.800.000
Samtals rekstur/leiga	40.400.000
Alls áætlaður kostnaður	99.000.000

Vestmannaeyjar, 10.2. 2017

Páll Marvin Jónsson
framkvæmdastjóri ÞSV

